

reykjavík reykjavík

» „Það gekk ekki vel þegar mamma reif mann upp á rassinum þegar maður var yngri ...“ 48



Morgunblaðið/Golli

Lu Yu Nafn leikarans þýðir Hreindýrið Jaði. Í *Stóra planinu* leikur hann sögumann, en einnig rödd sem hljómar í höfðum hinna leikaranna.

Æðri máttur Lu Yu

■ Taívanski leikarinn Lu Yu leikur í mynd Ólafs Jóhannessonar *Stóra planinu*

Eftir Ásgeir H. Ingólfsson
asgeirhi@mbli.is

LU YU fæddist í Taívan, varð kvikmyndaleikari í Hong Kong og flutti svo til New York til að kenna leiklist og leika á sviði. Núna hefur hann nýlengið tökum á íslensku myndinni *Stóra planinu*. Við hittumst á skrifstofunni hans í New York, sem að vísu er tæknilega í Vesturbænum.

Að baki hans er kritafla fyllt af kúnverskum táknum. Á töflunni er símanúmer veitingastaðar með heimsendingu og vísað í Sun-tzu, Maó formann og Teresu Wang sem var þekkt kúnversk söngkona á níunda áratugnum. Við erum einmitt stödd þar, stór hluti myndarinnar gerist þá og áður hafði ég rekið augun í fótanuddteki sem á endanum var þó ákveðið að nota ekki. Loks er minnst á Higher Force á töflunni, sem er ekki bara titill *Stóra plansins* upp á ensku heldur líka nafnið á persónu Lu Yu og sjálfshjálparmyndbandi sem hann selur. En þrátt fyrir að vera í burðarhlutverki hefur hann ekki enn hitt hina leikaranna.

„Ég er í draumum þeirra. Og í sjónvarpinu þeirra. Röðin í hausnum á þeim. Ég verð kliptur inn eftir á. Ég er líka sögumaður myndarinnar ...“ Við það trufur leikstjórnin okkur og segir okkur að Higher Force sé að selja fólk í vitleysu, ódýra kúnverska heimspeki. Lu Yu mót-mælir: „Ekki svo ódýra! Ég gef öllum afslátt!“

Fyrstu skref Jackie Chan

Ferillinn hófst í Hong Kong. „Ég var á táningsaldri og gerði 36 myndir á sex árum. Skylingamyndir voru mjög vinsælar á þessum árum þannig að þeir réðu sjö unga krakka til þess að

» Skylingamyndir voru mjög vinsælar á þessum árum þannig að þeir réðu sjö unga krakka til þess að leika áhættuatriðin fyrir okkur. Einn þeirra var Jackie Chan. Hann var að hefja sinn feril þarna, var bara krakki. En við höfum haldið sambandi. Við fluttum mörg til New York og þegar hann kemur til borgarinnar hittir hann alltaf alla sem hann þekkti frá Hong Kong. Hann er jarðbundinn og lítillátur og hefur unnið fyrir allri sinni velgengni. Hann náði árangri út á eigin hæfileika og staðfestu, sem er því miður ekki alltof algengt.“

leika áhættuatriðin fyrir okkur. Einn þeirra var Jackie Chan. Hann var að hefja sinn feril þarna, var bara krakki. En við höfum haldið sambandi. Við fluttum mörg til New York og þegar hann kemur til borgarinnar hittir hann alltaf alla sem hann þekkti frá Hong Kong. Hann er jarðbundinn og lítillátur og hefur unnið fyrir allri sinni velgengni. Hann náði árangri út á eigin hæfileika og staðfestu, sem er því miður ekki alltof algengt.“

Blindur Woody Allen

En eftir sex ár í Hong Kong hafði Lu Yu fengið nóg og flutti til New York og lék á sviði og kenndi leiklist. En bandaríski kvikmyndaíðnaðurinn var ekki tilbúinn fyrir Lu Yu. „Á áttunda áratugnum létu þeir spænskumælandi leikara leika Asíubúa og leikstjórnin fullyrkti að enginn sæi muninn. En núna eru þeir miklu meðvitaðri. Það var ekki fyrr en tíu árum eftir að ég kom til New York sem ég fór í þrúfur.“ Ein myndanna sem hann var ráðinn í hét *Hollywood*



Lu Yu Leikarinn (langst til hægri) við tökum á mynd Woody Allen, *Hollywood Ending*.

Ending og var leikstýrt af Woody Allen.

„Ég leik kúnverskan kvikmyndaðökumann sem talar enga ensku,“ segir Lu Yu sem talar fínna ensku. Allen leikur leikstjóra sem er að missa sjónina. Skiljanlega fer allt í vitleysu. Allen var fagmannlegur en fámáll. „Hann heilsaði mér aldrei. Leit beint á mig með tómt augnaróð og labbaði framhjá. Loks fattaði ég að hann er að leika blindan mann og er svo í karakter að hann letur sem hann sjá okkur ekki. Í þrúfunni var allt dimmt og ég sé hann ekki. Ljósíð skín bara á leikarann. Aðstoðarmaður hans segir mér að spinna bara. Ég sá hann aldrei. Svo sagði hann ókei og ég var ráðinn.“

Að lokum verð ég að spyrja hann út í græna hringinn sem hann ber. Þetta er jaðisteinn til verndar en skínarnafn hans, Yu, þýðir fallgei jaði. Fjölskyldanafnið Lu þýðir hreindýr en væntanlega bíða þau hans í Taívan.

Doktorinn og Óttar M á sömu bylgjulengd

■ Dr. Gunni segir frá því á blogg-síðu sinni að hann hafi fengið að láni á bókasafninu, teiknimyndabók Óttars M. Norðfjörð, *Jón Ásgeir og afmælsveislan*. Doktorinum til nokkurra



gremju virðast teikningar Óttars vera í sama stíl og væntanleg teiknimyndasaga Doktorins sem kallast *Lif og fjör í fiskvinnslu Sigvalda* og kemur út innan tíðar í mynddiskatímariðinu Rafskinnu. Segist Doktorinn hafa hannað sínar figúrur löngu áður en bók Óttars kom út og að um einskæra tilviljun sé að ræða. Sögurnar fjalla þó báðar um líf nafntogaðra persóna í viðskiptalífnum en í eilíftöð öðruvísi aðstaðum en þær eiga að venjast. Má meðal annars lesa um Hreiðar Má, Rannveigu Rist og Bjarna Ármanns fóta sig í slorinu hjá honum Sigvalda!?



Stjörnum þrýdd

■ Kvikmynd Ólafs Jóhannessonar *Stóra planið* setlar að verða ein stjörnum þrýddasta kvikmynd íslensks samtíma. Tökum lauk nú á sunnudag og fer myndin því næst í klippingu, hljóð- og myndvinnslu en áætluð frumsýning er ekki fyrr en í lok október. Á meðal þekkra leikara eru Michael Imperioli, Pétur Jóhann Sigfússon, Ingvar E. Sigurðsson, Eggert Þorleifsson, Hilmir Snær Guðnason, Benedikt Erlingsson, Lu Yu (t.v.), Robert Toshi, Ilmur Kristjánsdóttir, Þorsteinn Guðmundsson, Hjalmar Hjalmarsson, Jón Gnarr, Sigurjón Kjartansson, Unnur Birna Vilhjálmssdóttir fegurðardrottning og Ómar Örn Hauksson, fyrrverandi liósmaður Quarashi.

Er Pétur Ben orðinn Stuðmaður?

■ Pétur Ben hefur haft nóg að gera að undanförunum, en hann spilaði meðal annars vögu var um landið með Rás 2 fyrr í sumar. Síðasta verkefni Péturs var hins vegar nokkuð sérstakt. Að kvöldi miðvikudagsins í síðustu viku var Íslendingaball haldið í Stokkhólmi í kjölfar leiks Svía og Íslendinga í knattspyrnu. Það voru engir aðrir en Stuðmenn sem léku fyrir dansi, en það vildi hins vegar þannig til að Þórður Árnason, hinn geðþekki gítarleikari sveitarinnar, komst ekki til Svíþjóðar. Jakob Friðmann og félagar hófðu því samband við Pétur sem hljóp í skarðið og stóð sig með þrýði. Nú er bara spurning hvort kalla megi Pétur Stuðmann...

